

MINNISBLAÐ

Verkefni: Hlutverk, verkefni og áherslur í starfi SSNV

A1307-006-U01

22. mars 2018

Til: Stjórnar og framkvæmdastjóra SSNV

Frá: Björgu Ágústsdóttur, Alta

Hlutverk, verkefni og áherslur í starfi SSNV – efniviður úr umræðu stjórnar SSNV í Stykkishólmi, 8. og 9. mars 2018

Um umræðurnar:

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hélt fund í Stykkishólmi 8. og 9. mars 2018 þar sem umfjöllunarefnið var hlutverk, verkefni og áherslur í starfsemi SSNV.

Forsagan er sú að stjórnin taldi mikilvægt að staldra við og ræða um hlutverk samtakanna, verkefni og áherslur í starfi þeirra, í víðara samhengi en alla jafna gefst. Ætlunin var að umræðan myndi gagnast stjórn til að meta frekar og stýra vinnu sinni. Auk þess vildi stjórn geta nýtt afraksturinn sem umræðugrunn fyrir komandi þing samtakanna þar sem leitað verður eftir afstöðu þingfulltrúa til hlutverks, verkefna og áherslna í starfi samtakanna.

Var ákveðið að halda sérstakan fund stjórnar þar sem farið yrði yfir þessi mál. Fundinn sátu stjórnar- og varastjórnarmennirnir Stefán Vagn Stefánsson formaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir varaformaður, Adolf H. Berndsen og Gunnsteinn Björnsson, auk Björns Líndal Traustasonar framkvæmdastjóra SSNV.

Björg Ágústsdóttir ráðgjafi hjá Alta aðstoðaði við undirbúning, stýrði umræðum og tók saman efniviðinn að umræðum loknum.

Fyrirkomulag umræðufundanna var með þeim hætti, að í samráði við framkvæmdastjóra hafði Björg útbúið dagskrá og spurningar sem leiddu umræðuna áfram stig af stigi og tók Björg niður helstu punkta beint eftir fundarfólki. Umræðan var tvískipt; meginhluti hennar fór fram að kvöldi 8. mars, en morguninn eftir kom stjórn aftur saman þar sem Björgi gerði grein fyrir helstu skilaboðum, samanteknum frá kvöldinu áður, og í framhaldi af því lauk stjórn umræðum. Að loknum fundum tók Björg saman efnivið umræðunnar í heild og er hann settur fram í þessu minnisblaði.

„Punktarnir“ (svör) úr umræðum eru skráðir niður nær óbreyttir, en efniviðurinn þó gróflega flokkaður og fyrirsögnum bætt við eftir atvikum. Helstu skilaboð úr umræðum eru dregin fram og er að finna fremst í samantekt Bjargar.

Samantekt um helstu skilaboð

Hvað varðar **hlutverk** SSNV var samhljómur um að samtökin séu mikilvægur samráðs- og samvinnuvettvangur. Samvinna á vettvangi SSNV gefi hagsmunamálum svæðisins aukinn slagkraft og vægi; saman séu sveitarfélögin sterkari. Auk þess eigi þau oft á tíðum ekki val um annað en að starfa saman. Nýta ætti SSNV betur, sem þann pólitíska vettvang sem þau eru hugsuð til að vera. Mikilvægt sé að eiga þennan vettvang til að taka ákvarðanir um sameiginleg **hagsmunamál** svæðisins, **móta eigi skýra stefnu** um þau og leggja áherslur um hver séu baráttumál á hverjum tíma. Ennfremur ætti að nýta samtökin sem rödd svæðisins, en hinsvegar geti það krafist sérstakrar ákvörðunar hverju sinni hvort SSNV taki að sér **málsvarahlutverk** samhliða baráttu fyrir tilteknum hagsmunum. SSNV gegni mikilvægu **þjónustuhlutverki**, við sveitarfélögin á svæðinu, á sviði ýmissa málaflokka í samræmi við samþykktir sínar, ákvarðanir þinga, lög og samninga. Samtökin hafi sömuleiðis mikilvægu hlutverki að gegna við að efla **samvinnu** sveitarfélaga og sveitarstjórnarfólks, auka **þekkingu** þeirra á viðfangsefnum sveitarstjórna og stunda **fræðslu** um hlutverk og þjónustu samtakanna.

Sé horft til mögulegra **breytinga í starfsumhverfinu** þá gæti komið til sameining sveitarfélaga, sem hefði áhrif á starfsemi SSNV. Möguleiki sé á að fleiri ný verkefni verði flutt til sveitarfélaga og nefnd var tilhneiging ríkisins til að líta á landshlutasamtök sem „3ja stjórnsýslustigið“ sem hafi haft margvísleg áhrif. Nefnd voru áhrif af mögulegri breytingu á lögheimilislögum, framkvæmd rammaáætlunar og stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Talið var að byggðaröskun geti orðið í landshlutanum ef ekkert verði að gert í landbúnaðarmálum og ef stuðningur við landbúnað dregst saman.

Sem **dæmi um vel heppnuð verkefni eða starfsemi** á vegum SSNV voru nefnd Sóknaráætlun landshlutans, sem hefur gefið gott svigrúm til verkefna og snertir fjölmarga á svæðinu. Almenningsamgöngur eru mikilvæg þjónusta og hefur tekist að reka réttum megin við núllið. Undirbúningur og samstarf um iðnaðaruppbyggingu á Hafursstöðum var nefnt sem dæmi um afrakstur góðs samstarfs og skýrrar stefnumörkunar um sameiginlega hagsmuni.

Spurt var um **áherslur á einstök verkefni** í tengslum við hlutverk SSNV. Spurningar vöknúðu um hvort verkefni SSNV væru nógu vel skilgreind. Mat á starfi síðustu ára var að skort hafi á skýrari „fókus“ í starfi samtakanna og á það hver séu stóru málin sem leggja beri áherslu á. Brýnt væri að hafa skýran fókus á hagsmunamál, áherslur og verkefni hverju sinni – í takt við vel skilgreint hlutverk samtakanna. Þarft væri að finna við samnefnarann; atriði sem allir gætu verið sammála um að þurfi að vinna saman. Til að einfalda ákvarðanir um hvaða verkefni séu í góðu samræmi við hlutverk samtakanna, mætti skilgreina viðmið sem hjálpuðu til við að halda fókus og velja verðug verkefni. Mikið var minnst á þörf fyrir góðar greiningar á stöðu og þróun ýmissa mála (og stærða) á svæðisvísu. Greiningar væru nauðsynlegur grunnur fyrir stefnumörkun og hagsmunagæslu – og þeim þurfi að sinna betur, mögulega í samstarfi við fleiri landshlutasamtök. Af einstökum verkefnum var nefnt að SSNV ættu síst að sinna almenningsamgöngum, einkanlega ef reksturinn gengi ekki upp. Verkefni sem SSNV ætti að sinna í ríkari mæli voru m.a. almenn hagsmunagæsla svæðisins, og allir voru sammála um að samtökin ættu að sækja utanaðkomandi þekkingu, kynna og miðla til sveitarstjórnarfólks og íbúa.

Hvað varðar **stjórnskipulag** þá kom lýðræðishalli til umræðu. Hann birtist einkum í því að minnihlutafulltrúar og minni sveitarfélög eiga síður aðkomu að stjórn samtakanna. Ýmsar aðgerðir eru tiltækar til að mæta þessari stöðu, dreifa valdi, bæta upplýsingagjöf og gagnsæi, skerpa á stefnu, auka tækifæri til samræðu um störf samtakanna, t.d. með tveimur þingum á ári, o.fl.

Bent var á þörf fyrir skýrari lagaumgjörð um landshlutasamtök og þá komu fram ábendingar um **verklag** sem snúa einkum að markvissri umræðu og ákvörðunum um hlutverk, stefnu og áherslur samtakanna. Æskilegt væri að auka samtal stjórnar við sveitarstjórnirnar með reglulegum heimsóknum til dæmis, sem og að stjórn fái ráðgjafa SSNV til reglulegra samræðna um verkefnin. Einnig var rætt um að alltaf sé þörf á að auka sýnileika og þekkingu á starfsemi SSNV, kynna samtökin út á við og til sveitarstjórnarfólks, auk þess að sinna fræðslu og þekkingaröflun, t.d. með því að gangast fyrir (fleiri) málþingum eða ráðstefnum fyrir sveitarstjórnarfólk, í samræmi við óskir þar að lútandi.

Spurning í upphafi fundar: Er eitthvað sem brennur á ykkur að ræða?

(Punktur sem Björg tók niður úr umræðum)

- **Þörf á rýni**
 - Þarft að ræða reglulega, í víðu samhengi, um hlutverk og verkefni samtakanna
 - Ekki endilega að stjórnarmenn hafi mótaðar skoðanir, en þeir eru sammála um að þarft sé að ræða saman og taka kúrsinn
- **Val verkefna og fyrirkomulag þjónustu – fyrirmyndir frá öðrum landshlutasamtökum**
 - Landshlutasamtök eru ólík milli landshluta; breidd verkefna og fyrirkomulags kemur að vissu leyti á óvart
 - Verkefni hafa verið að breytast hjá landshlutasamtökum, líka okkur ef vel er að gáð
 - Komin eru fleiri verkefni yfir til landshlutasamtaka, Sóknaráætlun o.fl.
 - Þurfum að setjast yfir það hvaða verkefnum SSNV ættu að sinna, hvað við viljum að samtökin geri fyrir okkur og hvernig þau nýtast sem best
 - Ræða hlutverk og fyrirkomulag atvinnuráðgjafar – stefnumörkun til framtíðar
- **Skipulag, verklag, lagumhverfi**
 - Samtakamáttur er helsti akkurinn í samstarfinu og er mikilvægur ekki síst fyrir fámennari sveitarfélögin, mikilvægt að samtökin (aðrir) hafi skilning á stöðu þessara sveitarfélaga
 - Lýðræðishalli sem felst í stjórnfyrirkomulaginu – erfitt að yfirstíga
 - Oft verið rætt á vettvangi SSNV, í gegnum tíðina, um möguleikann á að fjölga í stjórn og/eða skipa framkvæmdaráð (3ja manna)
 - Höfum stigið góð skref, t.d. þegar við ákváðum að senda út fundargögn stjórnar SSNV til allra sveitarstjórnarmanna, það er verklag sem hefur mælst vel fyrir og hjálpar
 - Verulega aukin sókn ríkisins í að bæta verkefnum á landshlutasamtök og að vilja nýta samtökin sem millilið eða málsvara allra sveitarfélaga á svæðinu
 - Bagaleg þróun í ljósi (a) lýðræðishalla á samtökunum og (b) þess að lagaleg staða og hlutverk landshlutasamtaka er óljós og þyrfti að skýra; hlutverk landshlutasamtaka er illa skilgreint í lögum. Auk þess hafi aldrei verið rætt milli ríkis og sveitarfélaga að landshlutasamtök séu þarna milliliður
 - Ríkið ætti að byrja á byrjuninni – og skilgreina betur stöðu landshlutasamtaka
 - Spurning vaknar þá alltaf hvort í raun sé verið að búa til þriðja stjórnsýslustigið. Hingað til hafa sveitarfélögin ekki viljað það

Spurning 1**Af hverju erum/eigum við að vinna saman?**Og: **Hver er mesta áskorunin þegar kemur að samvinnu?****Af hverju ættum/erum við að vinna saman?**

- Það er slagkraftur í samstarfinu; ýmis verkefni og hagsmunamál sem hvert sveitarfélag fyrir sig er ekki endilega burðugt til að sinna á eigin spýtur
- Í raun eigum við ekkert annað val en að vinna saman; uppbygging/samsetning landshlutans er þannig; mögulega hægt að kljúfa sig út úr einhverju, en samt ...
- Hagkvæmni/hagræði
 - Hagræni þátturinn mikilvægur, að kortleggja svæðið sameiginlega – hvernig við erum stödd núna, til að geta byggt á þeim upplýsingum í stefnumótun og hagsmunagæslu
 - Betri nýting á mannauð
 - Vinna verkefni sem við þurfum hvort eð er öll að sinna, t.d. í samgöngu-, heilbrigðis- og menntamálum. Hér erum rætt um hagsmunagæslu og þau mál eru best unnin saman.
- Vettvangur fyrir sveitarstjórnarfólk að hittast og ræða hagsmunamál
- Áður komið fram:
 - Samtökin eru með hlutverk t.d. varðandi Sóknaráætlun – lögbundið og samningsbundið hlutverk
 - Ríkið kallar ennfremur í auknum mæli eftir að mál séu unnin eða skoðuð sameiginlega, og á stærra svæði, þ.e. samtal ríkisins við sveitarfélögin, án þess að hafa áður rætt um það við sveitarfélögin

Hver er mesta áskorunin þegar kemur að samvinnu?

- Sveitarfélögin eru ólík að gerð og burðum – og hagsmunir ekki þeir sömu
- Hvernig við nýtum betur samtök og stafsfolk; snýst líka um það hvernig sveitarfélögin nýta fjármagn sitt sem best – finna milliveginn
- Eru verkefni okkar nógu vel skilgreind? Hvernig finnum við samnefnarann; atriði sem allir geta verið sammála um að þurfi að vinna saman
- Að allt er breytingum háð – þarf að fá að þróast.
- Ekki allar atvinnugreinar að nota þjónustu SSNV, s.s. atvinnuráðgjöf
- Gæti þurft að endurskipuleggja fyrirkomulag atvinnuráðgjafar
- Lýðræðishallinn er líka áskorun – vegna verkefna. Stundum þurfa fleiri að fá að koma að málum

Spurning 2a) Hlutverk SSNV

Ef við værum að stofna SSNV í dag (m.v. sömu aðstæður; sveitarfélög - samfélag) hvert myndum við hafa hlutverkið?

*- Ath. hugtakið „hlutverk“: hverjum erum við að þjóna, af hverju og hvernig?
- Ræðum hér um "breiðu línurnar" – ekki einstök verkefni. Þau eru rædd síðar.*

- **Vettvangur samstarfs – pólitískur vettvangur**
 - Sveitarfélögin eru sterkari sem heild í þeim málum sem þau eiga sameiginlega hagsmuni um og geta lært hvert af öðru
 - Slagkrafturinn er meiri út á við þegar sveitarfélögin leggja saman kraftana
 - Mikilvægt er að eiga þennan sameiginlega samráðsvettvang til að taka þar ákvarðanir um hagsmunamál
 - Vettvangurinn marki pólitíska stefnu um þau verkefni sem samtökunum eru falin, t.d. af ríki
- **Stefnumótun**
 - Mikilvægt er að skilgreina að hvaða leyti/um hvað samtökin marka stefnu – hvert er hið stefnumarkandi hlutverk samtakanna, hvernig er því beitt eða hvernig birtist það?
 - Að því marki sem mótuð er stefna fyrir eða á vettvangi SSNV, þá fer sú stefnumörkun fram á þingum (ekki stjórn). Þingið ákveður hvaða stóru mál eru tekin upp og unnin á vettvangi og af SSNV, og gerir ályktanir sem marka áherslur SSNV
 - Stjórn framfylgir ákvörðunum og áherslum þings
 - Verkefni og áherslur SSNV geta verið misjöfn, frá einum tíma til annars
 - Til að einfalda ákvarðanir um hvaða verkefni séu í samræmi við hlutverk samtakanna, mætti skilgreina viðmið.
 - Viðmið hjálpa þingum að halda fókus, en marka einnig ramma sem starfsfólk styður sig við í daglegum störfum.
 - Viðmiðin myndu skilgreina hver sé „samnefnarinn“, þ.e. hvaða mál eða hvernig mál teljist vera sameiginleg hagsmunamál svæðisins alls, sem SSNV væri falið að vinna.
 - Eitt viðmið gæti t.d. verið: „Snertir þetta mál sameiginlega hagsmuni allra/flestra sveitarfélaga í landshlutanum, beint eða óbeint?“ – og ætti því að sinna af samtökunum
 - Síðan mætti bera möguleg verkefni/mál við þessi viðmið, þegar ákvörðun er tekin síðar um hvort samtökin eigi að sinna einstökum verkefnum og spyrja: „Er þetta verkefni að tikka í boxin?“ þ.e. mæta viðmiðum fyrir verkefni samtakanna
 - Ekki sé almennt unnið að málum sem varða sérstaka hagsmuni einungis eins eða fárra sveitarfélaga, nema sérstök ákvörðun liggi fyrir um að slík séu með einhverjum hætti þess eðlis að samtökin ættu samt sem áður að taka þau upp á sína arma
 - Aðkoma samtakanna að verkefnum sem fara út fyrir þessi mörk/viðmið fari inná borð stjórnar til ákvörðunar, eða sé hreinlega tekin fyrir á þingum
 - Greiningar eru nauðsynlegur grunnur fyrir stefnumörkun og hagsmunagæslu – þeim þarf að sinna vel. Mögulega í samstarfi við fleiri landshlutasamtök.
 - Að öðru leyti nefnt, að svæðisskipulag gæti verið grunnur fyrir sameiginlega stefnumörkun svæðisins – ef við værum að byrja
 - Rætt: Hvaða verkefni hefðum við getað sett „fókus“ á síðustu árin?
- **Hagsmunagæsla**
 - Sameiginleg hagsmunagæsla svæðisins er mikilvæg og að samtökin séu málsvari þeirra hagsmuna svæðisins, t.d. gagnvart ríkinu

- Mat á starfi síðustu ára, að skort hafi á skýrari „fókus“ í starfi samtakanna og sameiginlega umræðu/ákvörðun og skýra sýn á hver séu stóru málin sem leggja beri áherslu á í starfi samtakanna
- Framkvæmdastjórinn sé aðilinn sem á að „lobbýista“ í sameiginlegu hagsmunamálunum
- **Málsvari**
 - Samtökin séu málsvari fyrir þau verkefni sem þeim eru falin að lögum, með samningum eða samþykktum þings – sameiginleg verkefni sem á að setja fókus á þetta árið, auk ákvarðana stjórnar sem á þessu byggjast
 - Ennfremur er þarft að skoða það, þegar verkefni eru sett á dagskrá eða til framkvæmdar hjá SSNV, hvort samtökin verði þar með sjálfkrafa málsvari fyrir viðkomandi málefni eða hvort svarað verði fyrir málefni/verkefni með öðrum hætti
- **Fræðsla**
 - Samtökin séu vettvangur sem dregur saman upplýsingar og miðlar þekkingu til sveitarstjórnarfólks á svæðinu
- **Þjónustustofnun**
 - Samtökin eru ekki síst þjónustustofnun, sem veitir sveitarfélögunum á svæðinu þjónustu, sbr. ofangreint
 - Þjónustuna (framboð þjónustu) þarf að skilgreina vel – ákvarða hvaða verkefni og hvaða hagsmunamál séu þess eðlis að rétt sé að samtökin sinni þeim
 - Ákvörðun um þjónustu samtakanna við sveitarfélögin og fyrir þau, þ.e. hvaða verkefnum samtökin sinni og hvernig þau eru útfærð, er tekin af þingum SSNV. Sjá umræðu um stefnumótun og um hagsmunagæslu hér framar.

Spurning 2b) Breytingar – horft til framtíðar:

Hvaða breytingar (í ytra umhverfi) eru fyrir dyrum á næstu 2-3-5 árum (löggjöf, samningar, aðstæður hjá sveitarfélögum eða almennt í samfélaginu) sem gætu kallað á breytingar á hlutverki SSNV?

- **Sameining sveitarfélaga**
 - Mjög líklegt er að einhverjar sameiningar verði á næstu árum
- **Yfirfærsla frekari verkefna frá ríki til sveitarfélaga**
 - Mögulega framhaldsskólinn til sveitarfélaganna
 - Og öldrunarmálin
- **Lagaumhverfi og pólitík**
 - Vonandi verður skerpt á lagaumhverfi landshlutasamtaka
 - Lögheimilislög, um heimila búsetu – breytingar hafa áhrif
 - Innflutningur á hráum mat, smitleiðir
 - Byggðaröskun í landshlutanum ef ekkert verður að gert í landbúnaðarmálum og ef stuðningur við landbúnað dregst saman
 - Breytingar á Jöfnunarsjóði – í þá átt að þrengja að minni sveitarfélögum
 - Norska byggðastefnan – tilraunaverkefni í byggðamálum er athyglisvert. Hverju skilar það? Ekki mörg svæði sem eru í verulegri vörn – ef illa fer í landbúnaði, þá þyrfti að bregðast sérstaklega við
 - Rammaáætlun: ef friðun skv. rammaáætlun gengur eftir, þá verður erfitt að koma smávirkjunum að í Skagafirði
 - Miðhálandisþjóðgarður er mikið í umræðu hjá hluta sveitarfélaganna og snertir þau beint

Spurning 3**Hvaða dæmi eigum við um vel heppnuð verkefni eða starfsemi hjá SSNV?****Rökstyðjið: af hverju tókust/takast þau vel?***NB: Horfum á það sem fellur undir*

- innviði
- þróun
- annað - t.d. samningsverkefni eða stoðþjónustu

(Feitletraðar fyrirsagnir eru verkefnin sem fundarfólk nefndi og undirpunktarnir geyma rökstuðninginn)

- **Sóknaráætlun landshlutans**
 - Hefur gefur svigrúm í verkefnavali
 - Snerta í raun fjölmargt fólk á svæðinu, í menningu og í minni verkefnum. Slíkt skiptir máli, bæði fyrir ímynd og velvild í garð verkefnisins; ekki endilega betra að styrkja bara stór verkefni
 - Starfsmannahald og stýringin í verkefninu hefur tekist mjög vel, það skiptir máli
 - Mismikið framboð af áhugaverðum verkefnum, fer eftir árferði og sókn í nýsköpunarverkefni og stuðning. Stundum er ekki hægt að nálgast sérhæfða ráðgjöf í landshlutanum
- **Almenningssamgöngur**
 - Verkefnið hefur verið leyst vel á okkar svæði
 - Tekist hefur að reka það réttu megin við núllið og hefur fært svæðinu ávinning í formi þjónustunnar; verður að teljast vel heppnað
- **Iðnaðaruppbygging (Hafursstaðir)**
 - Verkefnið er enn lifandi; erum vonandi að fá starfsmann í það
 - Náðum að komast að hjá stjórnvöldum
 - Skýr fókus og verkefni „klárt“; staðsetning og fleira
 - Höfum litið á þetta sem sameiginlegt sóknarfæri – það hefur líka sýnt fólki að samvinna getur skilað okkur áfram, innávið og útávið
 - Þó hugmynd um álver hafi ekki yfirburða fylgi hjá íbúum, þá hefur fókusinn ekki endilega verið á það; verkefnið snýst um að koma því á framfæri við stjórnvöld að Norðurland vestra sé næst á dagskrá vegna iðnaðaruppbyggingar.

Spurning 4 – Áherslur á verkefni SSNV

M.t.t. skilgreinds hlutverks og stefnu SSNV - hvaða áherslur eigum við að leggja þegar kemur að einstökum verkefnum?

NB: Verkefnin leiða af hlutverkinu – eru til útfærslu á því.

Vinnublað 2

Nánar:

- *Eigum við að gera meira af einu og minna af öðru?*
- *Eru einhver verkefni sem ætti að taka upp, sem væru í samræmi við hlutverkið, en við erum ekki að sinna í dag?*
- *Hvernig geta áhersluverkefni Sóknaráætlunar gert hvoru tveggja; að styðja við og útfæra Sóknaráætlunina sjálfa, samhliða því að styðja við hlutverk SSNV?*

(Flokkunin og feitletraðar fyrirsagnir eru frá Alta)

Hlutverk – breytt uppsetning á vinnublaði 2, samspil hlutverks og verkefna

- Breyta uppsetningu – sjá töflu á vinnublaði 2
- Menntamál, menningarmál, samgöngumál verði hluti af hagsmunagæslu og tilheyrir þjónustuhlutverki SSNV

Hvaða verkefni ættu síst heima undir hatti SSNV, ef einhver?

- **Almenningssamgöngur**
 - A.m.k. áhyggjuefni ef það verður tap af verkefninu
- **Menningarmálin**
 - Má setja spurningamerki við þau ef við værum að byrja með hreint blað núna. Uppsetning Sóknaráætlunar hefur breytt áherslum; nú eru menningarmálin hluti af Sóknaráætlun og Uppbyggingarsjóði, ekki sem sérsvið á vettvangi landshlutasamtaka (menningarfulltrúi, menningarráð) eins og var fyrir tíma Sóknaráætlunar. Þau eiga því kannski heima undir „Efling atvinnulífs á Norðurlandi vestra“ – undir þjónustuhlutverki SSNV (að því leyti sem ráðgjöf og sjóðir eiga að styðja við menningu, skv. Sóknaráætlun) – og undir hagsmunagæslu og jafnvel stefnumótun.
- **Menntamálin**
 - Sama má segja um þetta. Ætti að falla undir almenna hagsmunagæslu.
 - Af hverju eru t.d. menntamálin sérstakur málaflokkur skv. samþykktum, en heilbrigðismál eru það ekki?

Ný verkefni – eitthvað sem við ættum að vera að sinna sem við gerum ekki, eða sinna betur

- **Greiningar og stefnumótun**
 - Auka áherslu á greiningar og grunnvinnu; grunnur fyrir stefnumótun og hagsmunagæslu
 - Ath þó: Hvort kemur á undan, greining eða stefnumótun?
 - Eftir að samtökin hafa rýnt hlutverk sitt og farið í gegnum stefnu og áherslur, þá ætti að fást leiðbeining um það í hvaða málaflokkum brýnast er að vinna og hvaða verkefni eigi að setja í forgrunn.
- **Meiri og skilvirkari hagsmunagæsla**
 - Pólitíska hlutverkið – nýta samtökin betur sem rödd fyrir svæðið
 - Rýna þingmál og fylgjast með frumvörpum

- **Einstök verkefni og þjónusta**
 - Efla almenningssamgöngur, átaksverkefni sem tengist skóla og atvinnusókn
 - Kynna Norðurland vestra, sem búsetukost
 - Fjölbautaskólinn ætti mögulega að koma meira inn sem hluti af hagsmunagæslu SSNV enda sameiginlegir hagsmunir alls svæðisins við hann tengdir
 - Eitt besta tækifærið til að efla svæðið er í gegnum Hóla
 - Lögreglusamþykkt fyrir landshlutann – kemur inn (tímabundið verkefni)
- **Upplýsa, fræða, miðla**
 - Sækja utanaðkomandi þekkingu og miðla til sveitarstjórna, með ýmsum leiðum; fundir ráðstefnur o.fl.
 - Auka þekkingu á starfi landshlutasamtakanna og verkefnum – kynna samtökin fyrir bæði sveitarstjórnarfólki og íbúum, bæði (a) verkefni og (b) þjónustuna
 - Auka viðkyrningu sveitarstjórnarfólks
 - E.t.v. að skipuleggja náms-/kynnisferðir sveitarstjórnarmanna innanlands og til útlanda – góð reynsla af slíku - bæði til að auka þekkingu, ýta undir samræðu um stefnu- og hagsmunamál og til að auka viðkyrningu fólks og samskipti
 - Gagnlegt væri að spyrja sveitarstjórnir og einstaka sveitarstjórnarmenn um óskir þeirra um fræðslu/umræðu; Hvaða viðfangsefni hefðu þau áhuga á að SSNV tæki til skoðunar og miðlaði eða yrði efni á ráðstefnu/fundum?

Spurning 5 – Stjórnskipulag

Hvað þarf helst að ræða?

- a) Fyrirkomulag mála
- b) Hverjar eru helstu áskoranir eða áhyggjur okkar (varðandi stjórnskipulag) – er eitthvað sem þarf að huga að núna?

Nánar:

- *Styður stjórnskipulagið við*
 - *hlutverk SSNV - þ.e. hjálpar það okkur við að rækja hlutverkið?*
 - *lýðræðislegar hugmyndir?*
 - *annað?*

- **Lýðræðishalli**
 - Hefur áður verið til umræðu, en lítil sem engin umræða um hann núna
 - Snýst m.a. um að fjöldi fulltrúa í stjórn SSNV þýðir að aðkoma minnihlutafulltrúa í sveitarstjórnnum er tæpast eða alls ekki fyrir hendi
 - Ennfremur að minnstu sveitarfélögin eiga ekki fulltrúa í stjórn
- **Aðgerðir sem beitt hefur verið til að mæta lýðræðishalla**
 - Samtökin hafa útfært starf sitt á margan hátt með aukinni valddreifingu
 - Dæmi: Sóknaráætlun, hvað varðar aðkomu að mótun áætlunar, skipan úthlutunarnefnda og fagráða. Þar er stefna að sveitarstjórnarmenn séu helst ekki í úthlutunarnefndum; fá frekar inn fulltrúa utan stjórnar og með sem mestri breidd og fjarlægð við sveitarstjórnarmálin
 - Sú breyting að hafa tvö þing var hugsuð til að auka aðkomu fulltrúa að málefnum SSNV og auka umræðu um sameiginlegu málefni
 - Tekið var upp það fyrirkomulag að senda fundarboð stjórnarfunda SSNV og tilheyrandi gögn út til allra fulltrúa í sveitarstjórnnum, fyrir fundi stjórnar. Hugsuð til að auka gagnsæi og bæta möguleika kjörinna fulltrúa til að fylgjast með starfinu, leita upplýsinga og hafa áhrif
- **Aðgerðir sem mætti beita til að bæta enn frekar úr**
 - Æskilegt væri að skilgreina skýrar hlutverk þinga
 - Annað þingið væri stefnumarkandi þing um málefni SSNV; veganesti til stjórnar
 - Hitt þingið væri opið/opnara þing, til að ræða um hagsmunamál
 - Mætti útvíkka lýðræðislega með því að fulltrúum sé (a) boðið að taka þátt í að fá mál sett á dagskrá þinga – leitað eftir sjónarmiðum þeirra í tíma, (b) kynnt vel fyrirfram um hvað verði rætt og gefinn góður tími til undirbúnings þinga, (c) virk þátttaka og leitað eftir skoðunum og áherslum fulltrúa á þingum
 - Ef við myndum kynna þingin þannig, þá myndi mæting verða betri
- **Annað sem hefði áhrif**
 - Sameining í A-Hún. myndi gjörbreyta landslaginu hvað þetta varðar

Spurning 6 – Um verklag

- a) Er eitthvað sem kemur í veg fyrir góðan/betri árangur í starfsemi okkar?
Eitthvað sem snýr að okkar eigin verklagi?
- b) Er eitthvert verklag sem við teldum að gæti hjálpað til -
við það hvernig við berum okkur að við að sinna hlutverki okkar
(boðleiðir, ákvarðanir, fjárhagur, tileinkun nýjunga, samskipti/samstarf o.fl.)

(Svörin við báðum liðum eru hér tekin saman, þar sem þau sköruðust verulega)

- **Markviss umræða og ákvörðun um hlutverk, stefnu og áherslur**
 - Sé horft til baka, þá vaknar spurningin um hvort „fókusinn“ hafi verið nógu meðvitaður og „réttur“. Við höfum eiginlega aldrei tekið umræðuna til að skýra þennan „fókus“
 - Ef þing markað stefnuna á markvissan hátt, þá vita allir hvað á að gera
 - Erum á réttri leið með að kryfja þetta niður, eins og við erum að gera núna og stefnum enn frekar að á næstu þingum. Þegar það er búið, ættum við að hafa betri sýn á hlutverk SSNV; hvað við eigum að vera að gera
 - Þurfum einnig að fara markvisst í gegnum það hvaða starfsemi við eigum að hafa og hverjar áherslurnar eiga að vera í starfinu
- **Greiningar og grunnvinna**
 - Mikil nauðsyn á að geta byggt á betri greiningum
 - Greiningar eru grunnur að stefnu og hagsmunagæslu SSNV;
 - Þurfum að geta dregið ályktanir út frá skýrum forsendum; greiningu á stöðu og þróun mikilvægra þátta í lýðfræði, atvinnulífi og þjónustu á svæðinu
 - Leggjum þannig grunn að okkar áherslum, hvernig við ætlum að bregðast við tiltekinni stöðu
 - Auk þess eru greiningar „vopn“ eða rök í hagsmunagæslu svæðisins
 - Hvernig förum við að?
 - Þyrftum að eiga okkar „hagdeild“, ef til vill sameiginlega með öðrum landshlutasamtökum kjördæmisins
 - Gera okkur grein fyrir umfangi greiningarvinnu og í hverju hún felst; hvað vantar okkur helst
 - Kemur greiningarvinna á undan eða eftir ákvörðun um viðfangsefni/hagsmunamál, þ.e. hvernig ákveðum við hvað eigi að greina?
 - Tvennskonar greiningar kannski? Þ.e. (a) atriði sem við viljum vakta stöðugt og sjá þróun á lengri tíma, (b) tilfallandi atriði sem þarf að rýna
 - Samvinna um slíka vinnu innan kjördæmis gæti verið góður kostur
 - Byggðastofnun og greiningar hennar og fleiri stofnana – mætti herja á að þær nýttust betur?
- **Einstök verkefni og áherslur í starfseminni**
 - Þjónustan gagnvart íbúum/fyrirtækjum felst einkum í aðstoð sem tengist nýsköpun í atvinnulífi almennt, ferðaþjónustu, iðnaðaruppbyggingu og menningartengdri starfsemi
 - Við erum ekki líkleg til að setja mark okkar á landbúnað og sjávarútveg beint
 - Iðnaðaruppbygging á Hafursstöðum er mikilvægt samvinnuverkefni
 - Við erum sammála um að setja kraft í ferðamálin, þurfum þess. Í því sambandi væri spennandi að tengjast markaðsstofunni betur
 - Áhersluverkefni Sóknaráætlunar – rýna
 - Hvernig nýtast þau, (a) til að útfæra markmið Sóknaráætlunar sjálfrar, (b) til að styðja við hlutverk og stefnu SSNV?
 - Mat á verkefnunum er mest í skýrsluformi. Mætti skilgreina skýrar ákveðna mælikvarða til að meta verkefni eftir.

- Samráðsvettvangur einu sinni á ári – mætti nýta betur til að ræða um stefnu og áherslur
 - Fyrirtækjakönnun; nýta og spyrja ...
 - SASS er með hnapp á vefsíðu sinni, þar sem tekið er á móti hugmyndum fólks um áhersluverkefni
- **Upplýsingagjöf og fræðsla**
 - „Sýnileiki“ er af hinu góða; að starfsemi SSNV sé sýnileg og kunn sveitarstjórnarfólki og íbúum á svæðinu
 - Kynning á Norðurlandi vestra sömuleiðis -
 - Sveitarstjórnarfulltrúar eiga að hafa það á hreinu hvað við erum að gera, stjórn og starfsfólk SSNV; aukin upplýsingagjöf er af hinu góða
 - Jákvætt að senda út fundargögn til allra kjörinna fulltrúa á svæðinu fyrir stjórnarfundi
 - Spyrja sveitarstjórnarfólk markvisst um það hvaða fræðslu þau vilji að SSNV sjái um; hvaða viðfangsefni eigi að taka fyrir á sameiginlegum þingum/ráðstefnum.
 - Dæmi um líkleg mál sem sveitarstjórnarfólk vilji fræðslu eða umræðu um eru húsnæðismál og persónuverndarlöggjöfin
 - **Verklag – ýmislegt sem væri til bóta**
 - Stjórn heimsæki allar sveitarstjórnirnar reglulega; gott að upplýsa og að ná samtalinu um „hvar samtökin eigi að vera“
 - Stjórn fái reglulega inn á fundi sína starfsfólk atvinnuráðgjafar, sem veiti upplýsingar um stöðu verkefna sem æskilegt er að stjórn fylgist með
 - Verkbókhald sem tekið hefur verið upp er af hinu góða

VIÐBÓT**Til umhugsunar:**

- *Hverjar eru spurningarnar sem ársþing/sveitarstjórnarfólk þarf að ræða/svara, varðandi framtíð og stefnu SSNV?*
 - *Til umræðu á vörþingi og síðar.*
- *Eru verkefni sem SSNV gæti/ætti að hrinda strax í framkvæmd?*
 - *Eitthvað sem SSNV (stjórn, starfsfólk) getur byrjað á strax, leita upplýsinga, breyta verklagi, annað?*